

10. gr.

Hætti Blindravinafélag Íslands störfum, skulu lögmaðurinn í Reykjavík, landlæknir og fræðslumálastjóri koma í stað stjórnar þess og taka við öllum þeim störfum, sem stjórn félagsins hefir með höndum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Verður þá sú breyting á 6. gr., að öll sjóðsstjórnin verður kosin af fyrrnefndum aðiljum, en tilnefning lögmanns samkvæmt henni fellur niður.

11

24. jan.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að verða á henni skv. ákvæðum 9. greinar.

12. gr.

Sjóðurinn skal þegar taka til starfa, er skipulagsskráin hefir verið staðfest.

13. gr.

Ákvæði um stundarsakir. Á meðan ráðskona Jónasar sáluga, Ingveldur Guðmundsdóttir, Framnesvegi 19, Reykjavík, lifir, skal hún, samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og sérstökum samningi milli hennar og stjórnar Blindravinafélags Íslands, dags. 26. nóv. 1938, hafa ókeypiss afnotarétt af húseigninni nr. 19 við Framnesveg, sem er meðal eigna sjóðsins, ásamt meðfylgjandi búslóð og innanstokksmunum, en greiða skal hún skatta og skyldur af eigninni og halda henni forsvaranlega við. Auk þessa skulu nefndri Ingveldi, einnig samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og sammingsins frá 26. nóv. 1938, greiddar úr sjóðnum kr. 130.00 — krónur eitt hundrað og þrjátíu og 0/100 — á mánuði hverjum, meðan hún lifir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi, útgefin á 12 venjulegan hátt at mandatum 30. janúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 30. jan. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal jafnan vera innan Hraunhrepis í Mýrasýslu.

2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarstofnfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938. Sjóðurinn er nú í ársbyrjun 1939 — að meðtöldum fyrirfram greiddum vöxtum (kr. 675.00) — kr. 30359.77 — þrjátíu þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu 77/100 krónur — í peningum og skuldabréfum og auk þess 10000 — tíu þúsund — krónur í hlutabréfum Útvegsbanka Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn skal starfræktur í þrem deildum. 1. deild skal starfrækt til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson, fyrrum bónda í Haga. Deild þessi skal efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fóðurbrigðir. 2. deild skal starfrækt til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsfreyju í Haga, er var

12 2. kona Bjarna Jónssonar í Haga. Hlutverk þessarar deildar er að styrkja fátaekar
30. jan. mæður, börn og gamalmenni. 3. deild skal starfrækt til minningar um stjúpmóður
stofnandans, Guðlaugu Sigurðardóttur, 3. konu Bjarna í Haga. Deild þessi skal
efla og styðja kristilegt félags- eða safnaðarlíf og fræðslu barna og unglinga á kristi-
legum grundvelli.

4. gr.

Skipting sjóðsins á milli deilda skal vera þannig, að hálfar eignir og tekjur til-
heyra 1. deild, $\frac{1}{4}$ hluti 2. deild og $\frac{1}{4}$ hluti 3. deild. Ef ársúthlutun einhverrar deildar
eyðist ekki á því ári, sem úthlutun fer fram, verður það, sem sparast, séreign þeirrar
deildar ásamt vöxtum framvegis. Reikningsfærslu skal haga samkvæmt því.

5. gr.

Sjóðinn skal framvegis ávaxta í verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð og
skuldabréfum, tryggðum með 1. veðrétti í fasteign. Fjárhæðir, sem hafa þarf hand-
bærar, skulu geymdar og ávaxtaðar í Sparisjóði Mýrasýslu og Búnaðarbanka Íslands.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Þó má, ef þörf krefur, umfram ársúthlutun
af vöxtum sjóðsins, veita fé af séreign deildar, sbr. 4. gr. til framkvæmda markmiði
hennar.

7. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 3. grein-
ar og markmiðum deildanna, hverrar fyrir sig. Heimilt er að byrja á því árið 1940.
Þó má ekki verja til þess meira en $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna árlega, unz þeir nema 4 þús-
undum króna á ári. Úr því má verja $\frac{1}{4}$ hlutum vaxtanna á sama hátt. Að öðru leyti
leggjast vextir og allar aðrar tekjur við höfuðstólinn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri og allir hreppsnefndarmenn á hverjum tíma.
Hún kys formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum, hvorutveggja strax
að afstöðnum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum. Hún hefir á hendi allar
nánari ákvarðanir um starfshætti og fjárframlög til fullnægingar hlutverkum sjóðs-
ins og yfirumsjón allra framkvæmda, er þar af leiða. Allt innan þeirra takmarka,
er sett eru með þessari skipulagsskrá.

9. gr.

Fjárframlög, samkvæmt 3. lið 3. greinar, eru því aðeins gild, að leitað sé eftir
og fengið samþykki þjónandi prests í Hraunhreppi og prófestsins í Mýrasýslu. Þeir
hafa einnig tillögurétt um þau málefni, er í þessu sambandi koma til greina. Rísi
ágreiningur um fjárveitingu úr sjóðnum í þessu efni, milli sjóðsstjórnar annars
vegar og prests og prófests hins vegar, sker æðsta kirkjustjórn ríkisins úr þeim
ágreiningi.

10. gr.

Sjóðsstjórnin heldur gerðabók. Inn í hana skal færa þessa skipulagsskrá, aðal-
reikninga sjóðsins árlega, fundargerðir og helztu atriði framkvæmda, sem njóta
styrks frá sjóðnum.

11. gr.

Allar ákvarðanir viðvíkjandi sjóðnum, skulu gerðar á fundum sjóðsstjórnar.
Ákvörðun er þó ekki gild, nema hún nái samþykki meiri hluta allra sjóðsstjórnar-
manna.

12. gr.

Skiulagsskrá þessari má breyta, er tímar líða, ef allir sjóðsstjórnarmenn sam-
þykkja breytinguna. Þó má aldrei breyta þeim aðalmarkmiðum sjóðsins, að auka

og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að viðhalda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi.

12
30. jan.

13. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. janúar 1939.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

13
3. febr.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 60 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu, seinna að degi til en kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu, fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 1. apríl kl. 2 f. h.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum, nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 4. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara, fyrr en merki hefir verið gefið og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láti sæmlega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér á ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgst með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana, fyrr en ljósmerki hefir verið gefið.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefir lagt. Bátur sem af sjó kemur, hefir forgangsrétt og fyrir vélbáti gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.